

Marco Mancini  
Austurströnd 2  
170 Seltjarnarnes

Akureyri, 6. febrúar 2020  
UST201911-065/B.J.  
11.16

### Leyfi til innflutnings á kyrkislöngu

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Marco Mancini um leyfi til innflutnings á 5 kyrkislöngum (Python regius) dags. 14. október 2019 til að hafa til sýnis í Fjölskyldu og húsdýragarðinum. Sótt er um leyfin í samræmi við 1. mgr. 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í samræmi við 3. mgr. 63. gr. náttúruverndarlaga leitaði Umhverfisstofnun umsagnar sérfræðinganeftnar um framandi lífverur vegna umsóknarinnar. Niðurstaða áhættumats er að útlokað sé að tegundin geti lifað við náttúrulegar aðstæður á Íslandi. Tegundin þarf lík vaxtarskilyrði og finnast í Vestur-Afríku, en þaðan er tegundin upprunnin. Hún er ekki talin geta lifað við lægra hitastig en 21°C og þarf a.m.k. 50% raka. Hún myndi því ekki lifa við íslenskar aðstæður ef svo fari að hún slyppi úr búrinu eða garðinum. Niðurstaða nefndarinnar er því suð að engin hætta stafi af ofangreindum innflutningi á kyrkislöngum fyrir íslenskt vistkerfi og telur ekki ástæðu til að mæla gegn honum, enda séu öll önnur lögformleg skilyrði uppfyllt.

Með hliðsjón af umsókninni, áhættumati sem unnin eru af erlendum sérfræðingi um tegundirnar og umsögn sérfræðinganeftnarinnar telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að ætla að innflutningurinn ógni eða hafi verulega áhrif á líffræðilega fjölbreytni.

Að framansögðu veitir Umhverfisstofnun hér með leyfi til innflutnings á fimm kyrkislöngum til notkunar til sýningar í Fjölskyldu og húsdýragarðinum. Umhverfisstofnun telur við hæfi að ítreka að innflytjandi skal í einu og öllu fylgja þeirri aðgæsluskyldu sem kveðið er á um í 65. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umsækjanda er jafnframt bent á að komi til förgunar á dýrunum, þá falla slöngurnar í 1. flokk sem, sbr. 8. gr. í reglugerð (EB) nr. 1069/2009, sem heilir skrokkar eða skrokkhlutar dýra annarra en alidýra og villtra dýra, þar með einkum talin gæladýr og dýr í dýragörðum og fjölleikahúsum. Dýr í 1. flokki eiga að fara í brennslu. Sbr. 12. gr. reglugerðarinnar.

Virðingarfyllst

  
Bjarni Jónasson  
sérfræðingur

  
Skúli Pórðarson  
Sviðsstjóri